

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 18.03.2021	Kl. 13:15	Staður: Grettisgata og fjarfundabúnaður
Fundarboðari: KEA	Fundarritari: ISF	

1. Fundur settur.
Árni Stefán Jónsson, formaður Sameykis
2. Spilling – Ógn við réttindi, lífskjör og lýðræði.
Árni Múli Jónasson framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Transparency international
3. Hvernig er fjárhagsstaða félagsins – helstu tölur úr ársreikningi
Þórarinn Eyfjörð
4. Önnur mál

1. Ávarp formanns

Árni Stefán setti fundinn og fór yfir dagskrá fundarins.

2. Spilling – Ógn við réttindi, lífskjör og lýðræði

Árni Múli þakkaði stjórn Sameykis fyrir styrk til samtakanna. Hann kynnti samtökin þar sem hann er í 25% starfi. Transparency International eru alþjóðleg samtök gegn spillingu, þau voru stofnuð 1992. Þau starfa í meira en 100 löndum. Íslandsdeildin er ný og markmið hennar er að stuðla að aukinni vitund í íslensku samfélagi um hvernig spillung birtist, hvernig hún skaðar hagsmuni almennings og þær aðferðir sem best duga til að verjast henni.

Spilling er skilgreind sem misbeiting valds í þágu einkahagsmuna. Hún grefur undan mannréttindum, hún er hindrun fyrir framþróun þar sem unnið er gegn fátækt. Spilling virðir engin landamæri og er meinsemd hvarvetna í heiminum. Verðsamráð á Íslandi hefur bitnað á okkur sem neytendum.

Panamaskjölin eru dæmi um spillingu sem komst upp. Ráðningar í embætti ættu að byggja á hæfni en pólitískar-, vina- eða ættartengingar hafa haft áhrif á þær.

Náttúruauðlindir er misnotaðar af fyrirtækjum og það bitnar á fátækum löndum sem hafa svo ekki efni á að halda uppi menntakerfi eða heilbrigðiskerfi.

Erfitt getur verið að sanna spillingu, getur verið óljóst hver er brotþoli.

Spilling grefur undan lýðræði, mannréttindum og réttarríkinu. Kosningar eru ómarktækar, fjölmiðlar eru bannaðir, refsivert að gagnrýna stjórnvöld. Allir eiga að vera jafnir fyrir lögum, en þar sem spillung þrífst er lögreglu og dómurum jafnvel mútað. Einhver fær eitthvað sem hann á ekki rétt á, það bitnar á öðrum sem fær ekki það sem hann átti rétt á. Spillingin leiðir til mismununar og kemur mest við þá sem eru minnst tengdir, eru fátækastir eða eru gagnrýnir.

Hvað þarf og hvað er hægt að gera til að vinna gegn spillingu?

Gagnsæi er grundvallaratriði, hvernig á að fara með vald og hafa aðgang að upplýsingum um hver fer með valdið. Tjáningarfrelsi, frjálsir fjölmiðlar, sjálfstæðir dómstólar, lögregla, ákærvald og fleiri eftirlitsstofnanir, Umboðsmaður Alþingis, Samkeppnisstofnun, Fjármálaeftirlitið og fleiri þurfa að hafa sjálfstæði og næg fjárlög.

Fjölþjóðlegar skuldbindingar, eins og samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og vernd uppljóstrara. Ný lög um uppljóstrara tóku gildi 1. jan. 2021. Markmið þeirra er að stuðla að því að upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi og þannig dregið úr slíku hátterni. Að sá sem greinir frá upplýsingum hafi til þess heimild og óttist ekki hefnd.

Starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga er skylt að miðla upplýsingum og gögnum, móttakandi skal gæta leyndar um persónuupplýsingar um þann sem miðlar upplýsingum.

Á vinnustöðum þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri skal setja reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna. Þær skulu vera skriflegar og aðgengilegar öllum starfsmönnum.

Árni Múli sagði að það megi leita til eftirlitsstofnana og fá upplýsingar og leiðbeiningar og njóta nafnleyndar. Samtökin geta hjálpað til við að setja mál í réttan farveg.

Árni Stefán bauð fundarmönnum að spyrja eða segja álit sitt.

Þórdís frá Faxaflóahöfnum spyr um hvort það megi nálgast þessar reglur til að hafa sýnilegar á vinnustöðum. Árni Múli sagði að Vinnueftirlitið sé með þær á sinni heimasíðu. Stofnanir eiga að kynna reglurnar fyrir sínu starfsfólki. Vinnueftirlitið á að fylgjast með því að það sé gert.

Árni Stefán veltir fyrir sér þegar samtökin hafa vaxið og dafnað hvort þau muni sjálf taka mál til rannsóknar og gefa út skýrslur, hvert verður frumkvæði þeirra. Árni Múli sagði að enn þurfi að sníða sér stakk eftir vexti, þetta er enn bara hlutastarf og áherslan lögð á að kynna samtökin. Þau munu nú beina fólki í rétta átt, hvaða stofnun ætti að taka að sér eftirlit með þeirra erindum. Samtökin hafa ekki enn burði til að taka að sér einstaklingsmál. Hann er lögfræðingur og segir að í björtustu vonum verði lögfræðingur starfandi hjá samtökunum til að taka einstaklingsmálin.

Þórarinn Eyfjörð spurði hvort þetta sé ekki dæmi um spillingu, nú eru 2 þjóðir að landa loðnu og fá greitt eftir mismunandi hætti, íslenskir sjómenn landa fyrir 100 kall þrú en Norðmenn f. 200 kall. Árni Múli svaraði með spurningu, er ástæðan sú að það er búið að ákveða að greiða íslenskum skipum lægra? Þá er verið að fara ranglega með valdið. En þetta vekur aðra spurningu, þarf að ræða í íslensku samfélagi, í hvaða stöðu er fólk í ákveðnum stöðum, ákveðnum bæjarfélögum, gagnvart vinnuveitendum? Erfitt að standa vörð um hagsmuni sína og segja frá því sem er rangt. Það er verið að fækka störfum og sjómenn eru mjög háðir atvinnurekendum með sín störf. Aðrir hópar eins og innflytjendur eru í sömu stöðu. Starfsmenn eru berskjaldaðir, við þurfum að tala um ráðningar, of mikið um það að ekki er verið að ráða eftir dugnaði, reynslu og menntun, heldur ráða einhvers konar tengingar.

3. Fjárhagsstaða félagsins

Þórarinn kynnti helstu tölur úr ársreikningum félagsins og sjóða.

Félagið rekur alls 10 sjóði, þeir eru reknir á sér kennitölu og því gegnsæi mikið.

Á síðasta ári var stofnaður Fræðslusjóður í stað Starfsmennta- og starfsþróunarsjóð í samningum hjá Reykjavíkurborg.

Þórarinn fór yfir breytingu lífeyrisskuldbindinga um 13,1 milljón. Hann útskýrði að lagt er til hliðar reiknað gjald í sjóð til að mæta lífeyrisskuldbindum framtíðarinnar.

Eignir félagssjóðs eru alls kr. 714 milljónir. Útistandandi félagsgjöld um áramót eru 96,8 milljónir, þau voru greidd í janúar, það er vanalegt að það sé staða um áramót.

Orlofssjóður – tekjur samtals kr. 383,6 milljónir. Afkoma ársins kr. 176 milljónir. Framkvæmdir eru nú yfirstandandi, 6 nýbyggingar í Munaðarnesi svo það mun fara vel af þessari upphæð.

Styrktar- og sjúkrasjóður – afkoma ársins er 23,8 milljónir. Stefnt er að því að eiga alltaf til fyrir ársútgjöldum.

Vinnudeilusjóður, 0,13 % iðgjald frá félagsmönnum, afkoma ársin er 119,3 milljónir.

Fræðslusjóður kom inn 1. maí og tölur því í lægri kantinum þetta árið. Hann tók við af eldri sjóðum og fékk sínar eignir þaðan. Starfsmennta- og starfsþróunarsjóður og Vísindasjóður sem var lagður af og er nú hluti af vísindaverkefnum í Fræðslusjóð.

Mannauðssjóður – þaðan er greidd umbun til trúnaðarmanna og greitt fyrir fræðslu þeirra.

Árni Stefán bauð fundarmönnum að koma með fyrirspurnir um þessa sjóði. Allt er skýrt og engar fyrirspurnir.

4. Önnur mál

Árni Stefán byrjaði á því að minna á aðalfundinn sem verður 25. mars nk. á Hilton Nordica og á Teams. Nú er 2 ár síðan félagið varð til með sameiningu St.Rv. og SFR. Við tókum þennan tíma til að slípa til félagið og nú tekur við ný stjórn og nýr formaður. Það þarf að skrá sig inn á fundinn, hvort sem fundarmenn komi á staðinn eða sækji hann rafrænt.

Mikið álag er á skrifstofu félagsins þessa daga vegna styttingu vinnuvikunnar.

Jakobína sagði að það megi 80 koma á Hilton Nordica og þau sæti eru nánast full. Skráning á Teamsfundinn þarf að vera komin daginn fyrir aðalfundinn.

Fundi slitið kl. 14:50